

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn skal vera óraskaður. Áfrýjandi, Guðmundur Jóhannesson, greiði stefnda, Guðmundi Eggerz sýslumanni, málskostnað fyrir yfirdómi, 25 kr. — Dómi þessum skal fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 31. janúar 1916.

Nr. 77/1915.

Kristgeir Jónsson

gegn

Jónínu Hannesdóttur.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði stefnda, Jórunn Hannesdóttir, til heimilis á Laugavegi 76 B hér í bænum, gegn áfrýjanda, Kristgeiri Jónssyni, bónda í Lækjarhvammi í Reykjavík, til greiðslu á sumarkaupi 1914, kr. 27.14, en áfrýjandi hóf hinsvegar gagnsök á hendur stefndu til skaðabóta-greiðslu fyrir rifting á vinnusamningi, og voru þessi mál dæmd á bæjarþinginu 17. júní f. á. á þá leið, að áfrýjandi skyldi greiða stefndu kr. 24.00 með 5% ársvöxtum frá 31. des. 1914 til borgunardags, og 20 kr. í málskostnað. Svo var hann og dæmdur í 8 kr. sekt til landssjóðs fyrir óparfa þrætu. Í gagnsökinni var stefnda sýknuð og málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefir áfrýjandi skotið til yfirdómsins með stefnu, útgefinni 18. nóvbr. f. á. og gert þær kröfur, að honum verði breytt þannig, að áfrýjandi verði sýknaður í aðalsök, og stefnda dæmd í gagnsök til að greiða honum 40 krónur og málskostnað fyrir báðum réttum, eftir mati yfirdómsins, en málskostnaður í aðalsök verði látinn falla niður fyrir báðum réttum.

Af hálfu stefndu er krafist staðfestingar á dómnum og málskostnaðar fyrir yfirdómi eftir mati réttarins.

Samkvæmt reikningi, er stefnda lagði fram á bæjarþinginu, vann hún sumarið 1914 hjá áfrýjanda í kaupavinnu, fyrst 17 tíma fyrir 20 aura hvern eða fyrir alls kr. 3.40, og eftir það í 3 vikur fyrir 8 kr. kaup um vikuna, samtals 24 krónur. Þessar 24 kr. var áfrýjandi með bæjarþingsdóminum skyldaður til að greiða stefndu með vöxtum sem fyr segir, en krafa hennar um tímaborgun kr. 3.40 var eigi tekin til greina og kemur því eigi til álita fyrir yfirdóminum, eins og málið liggur fyrir.

Skýrsla áfrýjanda um málið, er hann byggir á kröfur sínar, er á þá leið, að stefnda hafi ráðist til sín í kaupavinnu um 8 vikur, eða allan heyskapartímamann sumarið 1914, gegn 8 kr. kaupi um vikuna, en er hún hafði unnið í 3 vikur, hafi hún hætt vinnunni og farið burtu algjörlega að ástæðulausu, og þannig rofið vinnusamninga. Hafi hún gert sér stórtjón með því að hlaupa þannig úr vinnunni, þegar hæst stóð á heyönnum og fólk var alt ráðið, svo að hann hafi engan getað fengið í stað stefndu. Hefir



hann metið tjónið með hliðsjón af hjúalögunum jafnt hinni umsömdu kauphæð, kr. 64.00, er hann krefst að stefnda verði dæmd til að greiða sér, að frá-dregnu kaupi því, kr. 24.00, er hún vann fyrir, eða 40 kr. Því er hinsvegar haldið fram af hálfu stefndu, að áfrýjandi hafi eigi samið um neinn ákveðinn tíma, er hún skyldi vera í kaupavinnunni, og hafi henni því verið frjálst að fara þegar hún vildi, enda hafi áfrýjandi fundið að vinnubrögðum hennar og atyrt hana út af þeim, svo að hún hafi eigi getað sætt sig við að vinna lengur hjá honum.

Stefnda hefir engar sönnur fært á það, að áfrýjandi hafi atyrt eða misboðið henni svo, að hún fyrir þá sök hafi haft réttmæta ástæðu til að hætta vinnunni hjá honum. En af áfrýjanda hálfu er það heldur eigi sannað, gegn mótmælum stefndu, að hún hafi verið ráðin hjá honum 8 vikur eða annan ákveðinn tíma; og þó að nokkrar líkur séu til þess að ráðningartíminn hafi eigi verið óákveðinn eru þær eigi svo verulegar, að úrslit málsins verði látin koma undir eið áfrýjanda um það atriði, svo sem hann hefir krafist til vara. Það verður því að sýkna stefndu af kröfum áfrýjanda og dæma hann til að greiða henni 24 kr. með vöxtum, eins og segir í bæjarþingsdóminum. Yfirdómurinn felst einuig á ákvæði dómsins um málskostnað og sekt fyrir brot á sáttalöggjöfinni, þó svo að upphæð sektarinnar ákveðst 4 kr., samkvæmt tilskipun 11. ágúst 1819, sbr. tilsk. 24. jan. 1838, 3. gr., og rennur hún í landssjóð. Með þessari breytingu ber því að staðfesta hinn áfrýjanda dóm.

Samkvæmt þessum úrslitum verður áfrýjandi að greiða stefndu málskostnað fyrir yfirdómi og ákveðst hann 15 krónur.

Því dæmist rétt vera:

Bæjarþingsdómurinn á að vera óraskaður, þó svo að sektin til landssjóðs sé 4 krónur. Áfrýjandi Kristgeir Jónsson greiði stefndu Jóranni Hannesdóttur 15 kr. í málskostnað fyrir yfirdómi.

Dóminum ber að fullnægja áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri lagaðför.

Mánudaginn 14. febrúar 1916.

Nr. 79/1915.

Eggert Briem

gegn

Jes Zimsen

f. h. h/f. P. J. Thorsteinsson & Co.

D ó m u r :

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn Eggert Briem frá Viðey gegn stefnda Jes Zimsen f. h. h/f. P. J. Thorsteinsson & Co. fyrir landamerkjadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu og gekk dómur í því 15. nóvbr. f. á., á